



Þjóðskjalasafn Íslands 140 ára

Ávarp forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar á afmælishátíð og stofnfundi hollvinasamtaka

4. apríl 2022

Þjóðskjalavörður,
aðrir góðir gestir.

Ég þakka þann heiður að ávarpa ykkur á þessum ágæta viðburði, 140 ára afmælishátíð Þjóðskjalasafns Íslands. Vel er við hæfi að fagna þessum merku tímamótum. Og vel er við hæfi að vekja um leið athygli á mikilvægi skjalasafna í samfélaginu. Þau eru minni þess og viskugeymsla.

Gott skjalasafn hvílir á nokkrum meginstöðum. Í fyrsta lagi þarf góðan húsakost og sú hefur ekki alltaf verið raunin þegar söfn eru annars vegar hér á landi. Ekki er hún fögur lýsingin á vörslustað skjala og bóka á Bessastöðum fyrir um tveimur öldum. Safnið var á lofti kirkjunnar, í litlu og sóðalegu herbergi undir leku þaki eins og erlendur gestur komst að orði. „Hverju sinni sem einhver bók var hreyfð úr hvílurúmi sínu í hillunni gaus upp rykmökkur mikill,“ sagði sá sömuleiðis.

Blessunarlega var dómkirkjuloftið hér í borg ögn skárra. Þar var landskjalasafn okkar Íslendinga fyrst til húsa, svo um skeið í Alþingishúsinu en nær alla síðustu öld í Safnahúsinu góða við Hverfisgötu. Og hér á þessum stað hefur Þjóðskjalasafn Íslands síðan verið undanfarna áratugi. Hér eru langir gangar, margar hillur, notalegur lestrarsalur á jarðhæð og skrifstofur vistlegar að ekki sé minnst á þennan bjarta fyrirlestrasal. Engin ástæða er til að kvarta sáran undan þessum húsakynnum en vel má vera að safninu megi koma enn haganlegar fyrir annars staðar, með enn rýmri hirslum og enn þægilegri vistarverum.

Já, öflugt skjalasafn þarf byggingu eða byggingar til að standa undir nafni. Og svo þarf skjölin sjálf. Skjalavarsla er komin í traustar skorður hér á landi, bæði varðveisla skjala á pappír og gagna á stafrænu formi. Þetta er ekki sjálfsagt. Viða um heim eiga þjóðir í mestu vandræðum með að segja sögu sína og efla vitneskju um liðna tíð vegna þess að skriflegar heimildir skortir þótt vissulega megi horfa til annarra heimilda um fortíðina. En skjöl geta skipt sköpum.

Og vissulega hafa líka verið gloppur í íslenskri skjalavörslu, ekki síst fyrr á tíð. Í nýliðinni viku fögnuðum við því að út er komið annað bindi í mikilli ritröð, útgáfu á gögnum yfirréttarins á Íslandi sem starfaði frá 1563 til 1800. Engin skjöl hafa þó varðveist fyrstu öldina og fram til 1690. Augljóst er að það hlýtur að hamla rannsóknum á sögu þess tíma. Þeir voru þá þegar til, sem gerðu sér grein fyrir þeim skaða sem hlytist af því að heimildir hyrfu. „Það er grátlegt,“ skrifaði Árni Magnússon handritasafnari, „þegar það eyðileggst, sem góðir menn erfiða uppá, með kostgæfni, mikinn part sinna lífdaga.“ Hinu getum við svo velt vöngum yfir sem hann bætti við, að því miður hefði á móti varðveist „mörg heimska: rímubögur og annar þvílíkur þvættingur, sem eru deliciæ Stultorum [yndi heimskingja], hverjir uppfylla þann stærsta hlut af Vacuo [tóminu].“

Hvað skal geyma, hvað ekki? Hvað er mikilvægt, hvað ekki? Þetta er eilíft viðfangsefni hvers vandaðs skjalasafns. Ekki verður hjá því komist að grisja gögn en mikilvægast er þó að varðveita sem mest, leggja ekki mat á það fyrir seinni kynslóðir hvað sé þvættingur og yndi heimskingja, ef svo má segja.

En við þurfum sem sagt skjalahús og skjölin sjálf. Og svo þurfum við skjalaverði. Þeir mega ekki vera neinir aukvisar. Ég hygg að það sé enn að mestu í góðu gildi sem skrifað var í Morgunblaðið fyrir tæpri öld, í mars 1923: „Skjalavörðurinn á ... að vera handritagrúskari, og manna best að sér í íslenskum fræðum. Við Þjóðskjalasafnið þurfa jafnan að vera tveir skjalaverðir og það engir slóðar, heldur lærðustu sagnfræðingar landsins. Þar eru geymdar þær heimildir sem til eru hér á landi, fyrir sögu Íslands á síðari öldum, og öll rannsókn á þeim efnum verður að fara fram þar, eftir leiðbeiningu og með aðstoð skjalavarðarins, og í slíkt embætti er ekki hægt að setja neina kauplága liðléttinga.“

Undir það skal tekið hér. Nú er nokkuð um liðið síðan viðamiklar tölvuskjár komu til skjalanna á þessu safni en ég man vel að ef þær leiddu mann ekki á rétta slóð var þjóðráð að spyrja bara einhvern úr starfslíðinu og viti menn – eins víst var að í þeim kollum væri meiri vitneskju að finna en í ýtarlegustu excel-skjölum.

Starfsfólk Þjóðskjalasafns er stimamjúkt, lipurt og liðugt og það er ekki sjálfsagt. Úti í heima fyrirfinnast skjalaverðir sem hafa örlög þeirra, sem vilja

komast í skjöl, í hendi sér. „Gott samband við starfslið safnsins er forsenda árangurs þar,“ segir einn fræðimaður til að mynda um stöðu mála í einu fjarlægum ríki, og bætir við að hvers kyns ókurteisi eða frekja í garð skjalavarða loki dyrum umsvifalaust, og það bókstaflega. Á 140 ára afmæli Þjóðskjalasafns Íslands þakka ég öllu starfsliði þess fyrir aðstoð, velvild og hlýhug í áranna rás, en freistast um leið til að rifja upp fésbókarkveðju eins úr hópnum á afmælisdegi mínum fyrir nokkrum árum: „Vitaskuld var flaggað fyrir forseta vorum í dag, þann 26. júní, við Ríkisskjalasafnið. Guðni Th. hefur verið einn sá allra grimmast í setum og pöntunum á skjölum á lestrarsal ÞÍ í gegnum árin, en sést þar nú eitthvað sjaldnar þessi misserin. Á meðan varpa nokkrir lykil-skjalaverðir mæðinni, oftar en áður.“

Ekki gat sá góði maður, sem þetta reit, séð fyrir að síðustu misseri náði ég aðeins að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið og síðar í ár kemur út rit mitt um sögu landhelgismálsins sem byggir á þeim rannsóknum. Þar nefni ég að þá sögu væri vart hægt að segja án þess að geta nýtt gögn á söfnum erlendis en því má einnig halda til haga að söguna væri ekki heldur hægt að segja án þeirra gagna sem finna má í þessum húsakynnum. Ég nýti því þetta tækifæri og þakka öllum þeim sem hafa verið mér innan handar við rannsóknir hér að undanfögnu.

Það leiðir okkur að þriðju meginstöð öflugsskjalasafns – aðgengi að gögnum. Fyrir nokkrum áratugum hugðist eldri kollegi minn í fræðunum skrifa um landhelgismál Íslands, þurfti þá að leita leyfis hjá embættismönnum en kom að lokuðum dyrum. Þá gætti þess viðmóts að einhverjir grúskarar ættu ekkert með að komast í nýleg skjöl um málefni hins opinbera. Nú njótum við upplýsingalaga og aukins réttar til að skoða hvers kyns heimildir.

Að sjálfsögðu þarf að gæta að persónuvernd og sjónarmið um öryggishagsmunum ríkisins geta komið til álita, meira að segja á Íslandi. Meginreglan þarf þó ætíð að vera sú að almenningur megi kynna sér heimildir á söfnum. Af hverju ættum við annars að safna þeim – til að gæta hagsmuna valdhafa hverju sinni? Við eigum einmitt mýmörg dæmi um þannig ritskoðun að ofan, slæm dæmi um að stjórnarherrar noti og misnoti liðna tíð, stýri því hver fái aðgang að skjölum, hver fái að skrá söguna.

Notendur safna eru einmitt fjórða stoð þeirra. Þeir verða að geta gengið inn af götunni og vænst góðrar þjónustu, án tillits til þess hvað þeir hyggist gera með afrakstur erfiðisins. Hér höfum við, sem nýtum heimildir Þjóðskjalasafnsins, ekki undan neinu að kvarta. Að vísu skal það viðurkennast að sá, sem hér talar, var um skeið í óformlegum þrýstihópi sem hugðist beita áhrifamætti sínum til að fá kaffivél setta upp í anddyri lestrarsals eða einhvers staðar í námunda við hann.

Ekki sóttum við þetta stíft – þó ekki væri nema vegna þess að við vildum ekki kalla yfir okkur óvild eða öflugheit starfsliðsins sem getur jú haft

geigvænlegar afleiðingar eins og dæmin sanna ytra. Nú er komin kaffivél en sagan geymir líka vitnisburð um hvers kyns aðbúnað á söfnum, miklu verri en kaffiþorsta á köflum. Einn forvera Hrefnu Róbertsdóttur í embætti Þjóðskjalavarðar á fyrri hluta síðustu aldar lýsir setu á einu safnanna í Kaupmannahöfn með þessum hætti: „Einkennilegt var hve sætin ... voru léleg, bæði litlir og vondir strástólar af allra einföldustu gerð og setan farin niður úr sumum svo að það var kapphlaup um að ná sér í stól með heilli setu en þeir sem síðar komu urðu að sætta sig við þá setulausu. ... Þá er maður situr mjög lengi grafkyrr við skriftir er nauðsynlegt að hafa þægilegan stól en ekki eitthvert gargan að sitja á.“

Ágætu áheyrendur. Hér hef ég dregið saman í stuttu og ófullkomnu máli hvað einkennir öflugt safn eins og Þjóðskjalasafn Íslands: Viðunandi húsakynni, ríflegur safnkostur, öflugt starfslið, ásættanleg lög um aðgang að heimildum og sáttir notendur. Til viðbótar nefni ég svo efnisþátt sem telst ekki endilega bráðnauðsynlegur en gerir gott betra. Öflugt safn nýtur svo sannarlega góðs af velunnurum nær og fjær. Því er það gleðiefni að minnast ekki aðeins 140 ára afmælis safnsins hér og nú, heldur fögnum við líka stofnun hollvinasamtaka þess. Ég færi þeim þakkir sem hafa unnið að því þjóðþrifaverki, hlakka til að fylgjast með störfum samtakanna og leggja þeim lið eftir föngum.

Að síðustu ítreka ég heillaóskir til Þjóðskjalasafns Íslands og starfsliðs þess. Aftur til hamingju með afmælið!